


# Frístundalæsi

## Gildi markvissra starfshátta með mál og læsi á vettvangi frístundaheimila

Tilgangur námskeiðsins er að efla hæfni þátttakenda til að tileinka sér og innleiða ólíkar tegundir læsis í starfi með 6-9 ára gömlum börnum. Handbókin og heimasíðan Frístundalæsi er grunnur námskeiðsins og unnið verður með sjö ólíkar læsistegundir: Félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, náttúru- og umhverfislæsi, vísindalæsi og heilsulæsi. Eigin reynsla þátttakenda úr starfi verður verkfæri í náminu, þeir halda starfstengda dagbók, ræða efni námskeiðsins við samnemendur og verða hvattir til að miðla þekkingu sinni til samstarfsfólks.

### MARKHÓPUR

Starfsfólk frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Fólk sem uppfyllir ekki kröfur um grunnnám í háskóla getur tekið námskeiðið án eininga.

### TÍMI OG VINNULAG

Námskeiðið er kennt í staðnámi á haustmisseri 2020. Kennslustundir fara ýmist fram í húsnæði Menntavísindasviðs, utandyra eða á vettvangi reykvískra frístundamiðstöðva. Verkefni námskeiðsins verða fjölbreytt og unnin í teymum, pörum sem og einstaklingslega.

### SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR

| | |
|---|---|
| 15. ÁGÚST | Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum skráningarsíðu Starfsþróunar **MVSt**. |
| 55.000 KR. | Skráningargjald er 55.000 kr.* Gjalddagi er 24. ágúst. |
| 5 ECTS | Námskeiðið gefur 5 ECTS á grunnstigi. |

Námskeiðslýsing í kennsluskrá: https://bit.ly/3doW3yL

* Fólk skráð í HÍ þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið. Nánari upplýsingar um skráningargjöld á skráningarsíðu.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ